

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is



Íslandsbanki



Íslensk ferðapjónusta

Apríl 2018

Formáli

Íslensk ferðapjónusta mun á líðandi ári halda áfram að auka umfang sitt í hagkerfinu og styrkjast sem máttarstólpi í íslensku samfélagi. Vöxtur ferðapjónustunnar hefur krafist mikilla fjárfestinga sem hefur reynst sjálfstæð uppspretta hagvaxtar og aukinnar atvinnu hér á landi. Engu að síður hefur fjárfesting í gistiþjónustu ekki mætt eftirspurn ferðamanna eftir gistingu að öllu leyti. Hefur það leitt til þess að nýting hótélherbergja er því með hæsta móti hér á landi í alþjóðlegum samanburði og gisting í Reykjavík orðin ein sú dýrasta á Norðurlöndunum. Þá sýna tölurnar að deilihagkerfið hefur leikið mikilvægt hlutverk í að gera þeim fjölda ferðamanna sem hingað hefur ferðast á undanfórnum árum kleift að dvelja á landinu. Nú er svo komið að deilihagkerfið stefnir í að verða umfangsmeira en öll hótél á landinu til samans þegar kemur að gistingu ferðamanna hér á landi.

Rekstur greinarinnar hefur notið uppgangs ferðapjónustunnar en undanfarin ár hafa reynst mörgum aðilum í greininni áskorun, sérstaklega í ljósi mikilla launahækkana og gengisstyrkingar á krónunni. Einnig greinir nokkuð á milli þeirra aðila sem starfa á suðvesturhorni landsins, þar sem að reksturinn virðist standa betur, og þeirra aðila sem starfa annars staðar á landinu. Áhugavert verður að fylgjast með þróun greinarinnar og hvernig tekst að mæta þeim áskor-

unum og tækifærum sem hún stendur frammi fyrir um þessar mundir.

Íslandsbanki gefur nú út skýrslu um íslenska ferðapjónustu í fjórða sinn. Er skýrslunni ætlað að gefa aðilum innsýn í þróun greinarinnar og stöðu hennar hverju sinni. Íslandsbanki er stoltur samstarfsaðili fjölmargra ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi og vill með útgáfunni leggja sitt af mörkum við að upplýsa um stöðu ferðapjónustunnar. Er það von okkar að skýrslan reynist gagnleg og góð viðbót við þá miklu umfjöllun sem ferðapjónustan hefur alið af sér og verðskuldar.



Kristín Hrönn Guðmundsdóttir
Forstöðumaður Verslunar og Þjónustu
Kristin.Hronn.Gudmundsdottir@islandsbanki.is

Samantekt

- Íslensku flugfélögin eru með 80% flugsæta um KEF. Þrátt fyrir fjölgun erlendra flugfélaga hefur samanlögð hlutdeild þeirra farið lækkandi
- Enn minnkar árstíðasveifla í ferðapjónustu. Hraðasta fjölgun ferðamanna á sér stað utan háannatíma sem jafnar rekstrargrundvöll yfir árið
- Bandaríkjamenn og Bretar vega þyngst í íslenski ferðapjónustu þrátt fyrir að dregið hafi úr utanlandsferðum Breta eftir veikingu pundsins í kjölfarið á Brexit
- Ferðamenn frá Bandaríkjunum verða sífellt áhrifameiri og samþjöppunaráhætta og fábreytni ferðamanna eykst í íslenski ferðapjónustu
- Bandarískir ferðamenn eru flestir og eyða mest og eru því að öllum líkindum þeir ferðamenn sem skila mestu verðmætum
- Spáum ríflega 570 ma.kr. gjaldeyrstekjum af ferðapjónustu 2018 eða um 10% tekjuvexti
- Gengisáhrif lita neyslu ferðamanna í íslenskum krónum og ferðamenn miða fyrst og fremst útgjöld sín út frá sinni heimamynt
- Hver ferðamaður skilar nú færri krónum og voru útgjöld á hvern ferðamann 16% minni í krónum á árinu 2016 en á árinu 2009
- Spáum svipuðu gengi krónu á næstunni
- Álag á innviði meira hér en á flestum af vinsælustu áfangastöðum heims m.a. sökum þess hver hátt hlutfall ferðamanna er á móti íbúum
- Gistipjónusta á Íslandi háð komum ferðamanna ólíkt mörgum stórum ferðapjónustulöndum sem reiða sig á innlenda ferðapjónustu að miklu leyti
- Gistipjónusta á Suðurnesjum og Suðurlandi sækir í sig veðrið enda meira svigrúm þar til aukinnar nýtingar en á höfuðborgarsvæðinu

- Airbnb með rúmlega fjórðungshlutdeild á íslenska gistiþjónustumarkaðinum og allar tegundir gististaða eru að missa hlutdeild til Airbnb sem hefur vaxið langhraðast
- Airbnb nálgast hótelin óðfluga í umfangi og er nú þegar orðið um þrisvar sinnum umfangsmeira en öll gistiheimili landsins
- Haldi gistiþjónustumarkaðurinn áfram að þróast eins og verið hefur er útlit fyrir að Airbnb selji álíka margar ef ekki fleiri gistinætur en öll hótél landsins til samans strax á líðandi ári
- Tæplega 20 ma.kr. velta á Airbnb á árinu 2017 sem er aukning um 109% frá fyrra ári
- Tíu tekjuhæstu leigusalar á Airbnb veltu 1,3 milljarði króna á árinu 2017
- Fjárhagslegur hvati til útleigu íbúða til ferðamanna skerðir framboð til innlendra aðila á íbúðamarkaðinum á tímum þar sem framboðsskortur ríkir nú þegar
- Airbnb tekur til sín rúmlega ársframboð nýbygginga og framlag Airbnb í hækkun íbúðaverðs undanfarin þrjú ár nemur um 15%
- 44 ma.kr. áætluð fjárfesting hótela á höfuðborgarsvæðinu í farvatninu til og með árinu 2021
- Hótél á höfuðborgarsvæðinu mæta ekki þörf á hótélherbergjum og byggja um 70% af áætlaðri þörf hótélherbergja á yfirstandandi ári
- Hótél á Suðurnesjum virðast þau einu sem ekki missa hlutdeild á gistiþjónustumarkaðinum
- Hótelgisting í Reykjavík er sú dýrasta á Norðurlöndunum
- Framleiðni vinnuafis í ferðapjónustu eykst næst mest allra atvinnugreina og er því hvert starf innan ferðapjónustunnar að skila auknum virðisauka

- Vinnuafspörf í ferðapjónustu er mætt að mestu leyti með erlendu vinnuafli og aldrei hefur verið meiri fjölgun erlendra ríkisborgara á Íslandi en nú
- Ísland er einn dýrasti áfangastaður heims og er verðlag 28% hærra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum að meðaltali
- Ísland er í 25. sæti yfir samkeppnishæfustu þjóðirnar í ferðapjónustu, þá er vinnumarkaður og hæfni vinnuafils metið það samkeppnishæfasta í heimi
- Ísland talið með eitt ósamkeppnishæfasta verðlag í heimi gagnvart ferðamönnum og er þar í flokki með þjóðum sem bjóða þegnum sínum góð lífsgæði
- 1% fyrirtækja með helming af heildarrekstrartekjum ferðapjónustunnar og 93% fyrirtækja í ferðapjónustu með einungis 19% af heildarrekstrartekjum greinarinnar
- Icelandair og Wow air með rúmlega þriðjung heildarrekstrartekna í greininni árið 2016
- Skuldsetning í ferðapjónustu hefur minnkað og lítil fyrirtæki eru skuldsettari en þau sem stærri eru
- Arðsemi ferðapjónustunnar lækkaði árið 2016 en rekstur greinarinnar stendur engu að síður betur undir skuldsetningu um þessar mundir en áður
- Framlegð hæst hjá afþreyingarfyrirtækjum og bílaleigum árið 2016
- Rekstur afþreyingafyrirtækja, flugfélaga og bílaleiga stendur best undir skuldsetningu sinni árið 2016
- Framlegð hæst á Suðurnesjum og á Austurlandi og stóð rekstur þar best undir skuldsetningu sinni á árinu 2016
- Rekstur á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum stendur síður undir skuldsetningu sinni
- Áætluð fjárfesting íslenskra ferðapjónustufyrirtækja nam um 73 mö.kr. á árinu 2016 sem nemur aukningu um 19% frá fyrra ári

Áfram mikil fjölgun ferðamanna


Fjölgun ferðamanna er hægari en samt ennþá hröð í alþjóðlegu samhengi

Ísavia reiknar með um 11% fjölgun ferðamanna árið 2018 frá fyrra ári. Fjölgunin hefur ekki mælst hægari frá því að ferðamönnum fækkaði á árinu 2010. Engu að síður er 11% fjölgun ferðamanna ennþá hröð fjölgun í alþjóðlegu samhengi. Ferðamönnum fjölgaði um rúmlega 6% á

heimsvísu á fyrri hluta ársins 2017 til samanburðar. Ísland er því ennþá að vaxa og auka vinsældir sínar sem áfangastaður fyrir ferðamenn meira en almennt gerist í heiminum.

Mynd 1. Heildarfjöldi ferðamanna og íbúafjöldi á Íslandi


Ferðamenn sem koma með skemmtiferðaskípum eru undanskildir



Ef spáin rætist munu um 2,43 milljónir ferðamanna koma hingað til lands í gegnum KEF. Það eru rúmlega fimmfalt fleiri ferðamenn en á árinu 2010 og nemur fjöldinn rúmlega sjöföldum íbúafjölda landsins.

Er það til marks um aukið álag á innviði og vinnuafli í ferðaþjónustu sem hvorugt hefur vaxið í samræmi við fjölgun ferðamanna. Þar af leiðandi hefur framleiðni vinnuafli og nýting ferðaþjónustutengdra fjárfestinga aukist líkt og farið verður yfir í þessari samantekt.

Mynd 2. Fjöldi og hlutfallsleg fjölgun ferðamanna um KEF í milljónum




Langstærsti hluti ferðamanna í gegnum KEF

...og þeir skila meiri verðmætum en þeir sem koma með skemmtiferðaskipum

Langstærsti hluti ferðamanna til Íslands kemur í gegnum KEF eða um 93% og hefur hlutfallið farið hækkandi. Næstflestir koma svo með skemmtiferðaskipum eða um 6%. Litill hluti ferðamanna kemur svo með ferjum eða með öðru flugi en um KEF. Ákveðinn eðlismunur er á ferðamönnum sem hingað koma í gegnum KEF og þeirra sem hingað ferðast með skemmtiferðaskipum. Ferðamenn sem hingað koma með skemmtiferðaskipum gista og njóta veitinga og annarrar þjónustu að mestu leyti í skipinu og skilja því eftir sig minni verðmæti alla jafna en ferðamenn sem hingað koma með öðrum ferðamáta. Heildargjaldeyrstekjur Íslands af komum skemmtiferðaskipa voru til að mynda fjórir milljarðar króna árið 2013, eða um 1,7% af gjaldeyrstekjum landsins vegna ferðamanna það ár.

Þær tölur sem eru í umræðunni og eru yfirleitt notaðar til grundvallar við greiningu á áhrifum ferðamanna á þjóðarbúið eru því í flestum tilfellum bundnar við ferðamenn sem ferðast hingað um KEF. Á þann kvarða er reiknað með um 2,4 milljónum ferðamanna á yfirstandandi ári. Út frá skiptingu ferðamanna eftir ferðamáta má því áætla að heildarfjöldi ferðamanna verði um 2,6 milljónir á þessu ári.

Mynd 3. Skipting erlendra ferðamanna sem hingað ferðast eftir ferðamáta
Skipting eftir áætluðum fjölda ferðamanna árið 2018




Hve margir ferðamenn koma um KEF í raun?

Lykiltölfræði ofmetin vegna sjálfteygifarþega og erlendra starfsmanna sem búsettir eru á Íslandi

Inni í tölfræði Ferðamálastofu sem flestir greiningar- aðilar styðjast við eru sjálfteygifarþegar sem annars vegar fara aldrei út úr flugstöðinni og hins vegar daggestir sem gista ekki á landinu og nýta sér því íslenska ferðapjónustu í takmörkuðum mæli. Ísavia áætlað að um 70 þúsund manns fari aldrei út úr flugstöðinni. Þá eru erlendir starfsmenn með búsetu á Íslandi einnig inni í tölunum. Ísavia hefur ekki lagt mat á fjölda erlendra starfsmanna né fjölda daggesta en tvær mismunandi kannanir sem Ísavia lét gera gefa vísbendingar þar um. Niðurstöðurnar benda til þess að oftalning vegna áðurgreindra þátta gæti legið á bilinu 7,9-13,7% eða sem nemur á bilinu 193- 332 þús. ferðamenn miðað við áætlaðan fjölda árið 2018.

Sé, til einföldunar, stuðst við meðaltal þessara tveggja mælinga ásamt áætluðum fjölda Ísavia varðandi tengi- farþega sem aldrei yfirgefa flugvöllinn nemur oftalningin um 255 þús. ferðamönnum eða 10,4% á árinu 2018. Umrædd tölfræði hjálpar okkur að skilja og fylgjast með ferðatilhögun ferðamanna og því mikilvægt að hún sé sem nákvæmust en ljóst er að ferðamenn eru oftaldir.

Mynd 4. Ofmat á fjölda ferðamanna og áætlaður leiðréttur fjöldi ferðamanna



Íslensku flugfélögin með 80% flugsæta

Þrátt fyrir fjölgun erlendra flugfélaga hefur hlutdeild þeirra farið minnkandi


Um átta af hverjum tíu ferðamönnum sem hingað ferðast í gegnum KEF gera það með íslensku flugfélögunum*.

Hraður vöxtur WOW air hefur valdið því að hlutdeild Ícelandair í heildarframboði flugsæta um KEF hefur minnkað. Í ljósi þess hve umfangsmikil íslensk ferðapjónusta er orðin sem atvinnugrein í íslensku hagkerfi hefur þjóðhagslegt mikilvægi áðurgreindra tveggja íslenskra flugfélaga aukist umtalsvert á undanförunum árum. Til að setja mikilvægið í samhengi þá spáum við því að gjaldreyristekjur ferðapjónustunnar verði um 570 ma. kr. eða um 45% af heildargjaldreyristekjum þjóðarbúskaðarins. Því má

gróflega áætla að u.þ.b. 450 ma. kr. eða um 36% gjaldreyristekna þjóðarbúskaðarins sé að talsverðu leyti undir starfsemi þessara tveggja flugfélaga komið.

Erlend flugfélög í áætlunarflugi um KEF verða 28 á árinu 2018. Eru það tæplega þrefalt fleiri flugfélög en flugu hingað árið 2010. Á sama tíma hefur hlutdeild íslenskra flugfélaga gagnvart erlendum haldið velli og aukist lítillega. Samhliða þessari þróun hefur hefur áfangastöðumi beinu flugi frá KEF fjölgað umtalsvert og telur nú um 101 áfangastað.

Mynd 5. Hlutdeild flugfélaga í heildarframboði flugsæta um KEF



*Gert er ráð fyrir að sætaframboð endurspegli fjölda ferðamanna inn í landið en taka þarf tillit til mismunandi sætanýtingar og hlutfalls tengi- og sjálfstengingarþega á milli flugfélaga.
Heimild: Isavia

Enn minnkar árstíðasveifla í ferðapjónustu


Hraðasta fjölgun ferðamanna á sér stað utan háannatíma sem jafnar rekstrargrundvöll yfir árið

Ferðamönnum fjölgaði um 24% á síðasta ári sem er töluvert minni hlutfallsleg fjölgun en á árinu 2016 þegar ferðamönnum fjölgaði um 40%. Fjölgun ferðamanna á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2017 nam 56% sem var um 21 prósentustigi hraðari vöxtur en á sama tímabili árið 2016 og hófst því ferðamannaárið 2017 með látum. Frá því í maí 2017 hefur hins vegar hægt verulega á fjölgun ferðamanna. Ferðamönnum fjölgaði þannig um 15% á tímabilinu frá maí til desember á síðasta ári. Það er 26 prósentustigum hægar fjölgun en á sama tímabili árið 2016.

Þrátt fyrir áðurgreinda þróun þá er fjölgun ferðamanna á Íslandi sú hraðasta í Evrópu en fjölgun ferðamanna til annarra þjóða í Evrópu nam að meðaltali um 8% á fyrri helm- ingi ársins 2017 m.v. sama tímabil árið 2016.


Fjölgun ferðamanna er mest utan háannatíma sem jafnar rekstrargrundvöll ferðapjónustufyrirtækja yfir árið. Spá Isavia bendir til þess að þessi þróun muni halda áfram á árinu 2018 og að enn frekar muni draga úr árstíðasveiflu í komum ferðamanna til landsins.


Mynd 6. Árleg hlutfallsleg fjölgun ferðamanna frá árinu 2010 eftir völdum tímabilum




Mynd 7. Hlutfallslegur fjöldi ferðamanna eftir völdum tímabilum

Samánburður á árunum 2010 og 2017



- 
- Bandarískir ferðamenn **eru flestir og eyða mest**

- Spáum ríflega **570 ma.kr. gjaldeyristekjum** af ferðaþjónustu 2018 eða um **10% tekjuvexti**
- 

Bandaríkjamenn og Bretar vega þyngst

Dregur úr utanlandsferðum Breta eftir veikingu pundins


Hægt hefur á fjölgun ferðamanna frá flestum þjóðum en hægari fjölgun ferðamanna frá Bandaríkjunum og Bretlandi vegur þyngst í þessari þróun enda koma rúmlega fjórir af hverjum tíu ferðamönnum sem hingað ferðast þaðan. Einnig hefur hægt talsvert á fjölgun ferðamanna hingað til lands frá Kanada.

Bretum fjölgaði um 2% á síðasta ári og hefur þeim ekki fjölgað jafn hægt frá því að uppgangur ferðapjónustunnar hófst í upphafi áratugarins. Þá fækkaði Bretum á milli ára

alla mánuði frá því í apríl á síðasta ári. Þessi þróun er í takt við þróun í utanlandsferðum Breta almennt um þessar mundir. Skertur kaupmáttur Breta á erlendri grundu vegna gengisfalls pundins virðist því hafa haft talsverð áhrif á utanlandsferðir Breta.

Þó að hægt hafi á fjölgun ferðamanna frá Bandaríkjunum fjölgaði þeim engu að síður um 39% á síðasta ári. Fjölgun bandarískra ferðamanna hingað til lands er því ennþá hröð.

Mynd 8. Hlutfallsleg fjölgun ferðamanna eftir árum og þjóðerni
Breyting frá fyrra ári (%)




Ferðamenn frá BNA sífellt áhrifameiri

Samþjöppunaráhætta og fábreytni ferðamanna eykst í íslenski ferðapjónustu

Mikilvægi bandarískra ferðamanna fyrir íslenska ferðapjónustu hefur aukist umtalsvert á síðastliðnum árum. Nú eru um 26% allra ferðamanna sem hingað koma frá Bandaríkjunum. Hins vegar hefur hlutfall Breta lækkað að undanfögnu.

Þessi þróun hefur leitt til þess að íslensk ferðapjónusta er nú viðkvæmari fyrir áföllum vegna breytinga á ferðatilhögun bandarískra ferðamanna. Í ljósi þess hve stórt hlutverk ferðapjónustan skipar í íslensku hagkerfi má í framhaldinu segja að ferðatilhögun bandarískra ferðamanna geti haft umtalsverð áhrif á skammtímaþróun í hérlandu hagkerfi.


Mynd 9. Hlutfall breskra og bandarískra ferðamanna af heildarfjölda ferðamanna
Frá árinu 2010



Á árinu 2010 voru ferðamenn frá sex fjölmennustu þjóðunum 47% af heildarfjölda ferðamanna sem ferðuðust til Íslands. Á síðasta ári stóð hlutfallið í 61%. Þá var engin ein þjóð með yfir 13% hlutdeild árið 2010 en þær eru tvær um þessar mundir. Hefur því fábreytni ferðamanna eftir þjóðerni

aukist yfir tímabilið. Í þessu samhengi er æskilegt að ferðapjónustan byggi á fjölbreyttum grunni þannig að áfall í efnahag ákveðinnar þjóðar hafi ekki of veigamikil áhrif á íslenska ferðapjónustu og íslenska hagkerfið í heild.

Mynd 10. Hlutfall ferðamanna af heildarfjölda ferðamanna eftir þjóðernum
Árið 2010 borið saman við árið 2017




Tekjur ferðapjónustunnar vaxa áfram

Spáum ríflega 570 ma. kr. gjaldeyristekjum af ferðapjónustu 2018 eða um 10% tekjuvexti

Ferðapjónusta tók við af sjávarútvegi sem stærsta útflutningsatvinnugrein þjóðarþúsins í kringum miðjan áratuginn. Má þar nefna að hlutfall ferðapjónustu af vergri landsframleiðslu (VLF) var 8,4% árið 2016 samkvæmt tölum Hagstofunnar en sjávarútvegur skilaði 7,0% og framleiðsla málma 2,5% af VLF á sama tíma.

Hagstofan áætlar að heildarútflutningstekjur af erlend-um ferðamönnum hafi numið 463 mð. kr. árið 2016, samanborið við 232 ma. kr. fyrir sjávarútveg og 182 ma. kr. vegna álútflutnings. Ferðapjónustan skilaði u.þ.b. 39% af heildar-útflutningstekjum þjóðarþúsins það ár. Var það meira en sjávarútvegur (20%) og álafurðir (15%) skiluðu samanlagt.


Mynd 11. Útflutningstekjur eftir atvinnugreinum (ma. kr.)



Heildartekjur vegna ferðamanna námu u.þ.b. 520 mö. kr. á árinu 2017 sem samsvarar 43% af öllum útflutningstekjum þjóðarþúsins.

Í ár spáum við því að tekjur af erlendum ferðamönnum muni nema ríflega 570 mö. kr., sem samsvarar 10% tekjuvexti á milli ára. Við teljum að tekjuvöxturinn verði í takti við fjölgun ferðamanna en á síðasta ári var tekjuvöxtur vegna ferðamanna talsvert minni en sem nam fjölgun þeirra.

Mynd 12. Útflutningstekjur eftir atvinnugreinum
(ma. kr. og hlutfall af heildartekjum)




Gengisáhrif lita neyslu ferðamanna í ISK

Ferðamenn miða fyrst og fremst útgjöld sín út frá sinni heimamynt

Breytt þróun krónu skiptir hér miklu máli en svo virðist sem ferðamenn sem hingað koma miði útgjöld sín fyrst og fremst við sína heimamynt. Þeir hafa því væntanlega brugðist við styrkingu krónu á undanförunum árum með því

að stytta ferðir sínar og/eða spara við sig neyslu hér á landi. Þetta hefur orðið til þess að tekjuvöxtur í krónum talið hefur orðið mun hægari í greininni undanfarin ár en ætla mætti af fjöldatölum um ferðamenn.


Mynd 13. Ferðamannapúls Gallup og raungengi (vísitölur)



Ef tekjur af erlendum ferðamönnum samkvæmt Hagstofunni eru umreiknaðar á fast gengi miðað við gengisvísitölu er mun meira samræmi milli þróunar tekna og fjöldapróunar. Vitanlega spila þó þættir eins og samsetning ferðamanna eftir þjóðerni og efnahagsþróun í heimalöndum þeirra einnig hlutverk.

Við teljum að gengi krónu muni að jafnaði verða á svipuðum slóðum á árinu 2018 og það var á síðasta ári. Því er ekki úr vegi að gera ráð fyrir að útgjöld hvers ferðamanns sem hingað kemur verði svipuð í krónum talið og þau voru í fyrra og tekjuvöxturinn verði því í samræmi við fjölgun ferðamanna hingað til lands.

Mynd 14. Fjöldi ferðamanna til Íslands og tekjur af ferðamönnum í krónum (ársbreyting)



Hver ferðamaður skilar færri krónum


Útgjöld á hvern ferðamann 16% minni í krónum en á árinu 2009

Hver ferðamaður sem kom inn í landið árið 2016 skilaði að meðaltali um 202 þús. kr. til þjóðarbúsins og hefur fjárhæðin lækkað um 16% frá árinu 2009. Á sama tíma hefur gengi krónunnar styrkst um 24%. Í ofanálag hafa verðlagshækk-anir hjá gistiþjónustu, ferðaskrifstofum, veitingaþjónustu, bílaleigum og öðrum farþegaflutningum bæði á landi og

sjó verið meiri en sem nemur gengisstyrkingu krónunnar. Hefur það leitt til þess að ferðamaðurinn, sem áætla útgjöld fyrst og fremst í sinni heimamynt, fær umtalsvert minna fyrir peningana og þarf því ýmist að dvelja skemur og/eða draga úr útgjöldum á meðan á dvöl stendur.

Mynd 15. Meðalútgjöld á hvern ferðamann


Eftir útgjaldalið í þús. kr.



Tveir stærstu útgjaldaliðir ferðamanna eru flugfargjöld og gisting. Hlutdeild flugfargjalda nam um 22% árið 2016 eða 45 þús. kr. á hvern ferðamann og hefur sú hlutdeild og fjárhæð farið lækkandi síðustu ár en hún var tæplega 29% eða 71 þús. kr. árið 2009. Endurspeglar þessi þróun verðbreytingar á flugfargjöldum á framangreindu tímabili

en flugfargjöld hafa farið lækkandi á sama tíma. Hlutdeild gistingarþjónustu nam 20% eða 41 þús. kr. af heildarútgjöldum hvers ferðamanns að jafnaði. Einnig ber að hafa í huga að vöxtur deilihagkerfisins, sem alla jafna er ekki skráður í opinberum gögnum, veldur því að útgjöld á hvern ferðamann eru vanmetin að einhverju leyti.

Mynd 16. Meðalútgjöld á hvern ferðamann
Heildarútgjöld í þús. kr. á verðlagi ársins 2016




Bandarískir ferðamenn flestir og eyða mest


...og eru því verðmætustu ferðamennirnir. Mestu útgjöldin í gistingu, veitingar og afþreyingu.

Bandarískir ferðamenn eru nú um fjórðungur allra ferðamanna sem hingað ferðast. Einnig benda niðurstöður kannana til þess að þeir eyði mest á hverjum sólarhring. Bandarískir ferðamenn eru því að öllum líkindum þeir sem skila hvað mestum gjaldeyristekjum til landsins.

Á móti benda kannanir til þess að þeir sem komi frá Norður-Ameríku dvelji skemur en ferðamenn að meðaltali sem kemur til lækkunar á heildarneyslu bandarískra ferðamanna hér á landi í samanburði við neyslu ferðamanna frá öðrum þjóðum. Ferðamenn frá hinum norrænu ríkjunum og Bretlandi dvelja einnig alla jafna skemur en ferðamenn að meðaltali en aðrir Evrópubúar dvelja lengur.

Mynd 17. Meðalútgjöld ferðamanna á sólarhring eftir þjóðerni og útgjaldalið
ISK





- **Airbnb nálgast hótelin** óðfluga í umfangi og er nú þegar orðið um **þrisvar sinnum umfangsmeira** en öll gistiheimili landsins

- Tæplega **20 ma. kr. velta á Airbnb** á árinu 2017 sem er aukning um **109% frá fyrra ári**


Spáum svipuðu gengi krónu á næstunni

...og munu þar vegast á gagnstæðir kraftar

Þrátt fyrir afnám hafta á flestar fjármagnshreyfingar milli landa og fátíð inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði var gengi krónu tiltölulega stöðugt á seinni helmingi síðasta árs eftir talsverðar sveiflur á fyrri helmingi ársins. Er það bæði til marks um vel heppnað haftaafnám og einnig vísbending um allgott jafnvægi í gjaldeyrisflæði til og frá landinu.

Við gerum ráð fyrir að gengi krónu verði á svipuðum slóðum þetta og næsta ár og það var að jafnaði á síðasta ári. Þar munu áfram vegast á gagnstæðir kraftar.


Mynd 18. Nafngengi krónunnar
Gengisvísitala og verð USD í krónum



Viðskiptaafgangur fer minnkandi, vaxtamunur hefur skroppið saman og áfram munu innlendir fagfjárfestar bæta við sig erlendum eignum.

Á móti hefur Seðlabankinn hætt umfangsmiklum gjald-eyriskaupum sem hann stundaði frá árslokum 2013 fram á vorið 2017. Traust á Íslandi hefur einnig aukist undanfarið á ýmsa mælikvarða sem ætti að ýta undir fjárfestingu inn í landið.

Mynd 19. Gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans (v.ás) og EUR/ISK (h.ás)



Raugengi krónunnar hefur hækkað mikið


...og dregur það úr samkeppnishæfni Íslands við aðrar þjóðir

Raugengið er um þessar mundir nálægt því sem það fór hæst fyrir áratug. Hækkun nafngengisins er stærsta skýring þessarar þróunar en einnig hefur hækkun verðlags og launa verið hraðari hérlendis en í viðskiptalöndum Íslands að jafnaði. Undanfarið hefur þó verið allgott samræmi milli verðlagsþróunar hérlendis og í viðskiptalöndunum en laun hins vegar haldið áfram að hækka talsvert hraðar


hér á landi en þar.

Útlit er fyrir að raugengi krónunnar verði áfram hátt. Viðskiptakjör verða líklega áfram fremur hagstæð, bætt erlend staða þjóðarbúsins styður við herra raugengi til frambúðar og allmyndarlegur hagvöxtur leiðir einnig að öðru jöfnu til herra raugengis.

Mynd 20. Raugengi krónunnar
visitölur



Mynd 21. Raugengi og utanríkisviðskipti



Virkara samspil raungengis við útflutning?


Raungengissveiflur réðust að miklu leyti á árferði í sjávarútvegi fram undir lok síðustu aldar

Árferði í sjávarútvegi réð miklu um hagsveifluna og raungengisþróun á Íslandi allt fram undir lok síðustu aldar. Á árunum 1997 – 2007 spilaði takturinn í uppbyggingu orku-freks iðnaðar stórt hlutverk í efnahagsþróun. Síðustu ár hefur svo ferðaþjónustan tekið við þessu hlutverki að miklu leyti.

Eftir því sem þjónustuútflutningur spilar stærra hlutverk í öflun útflutningstekna mun aðlögun hagkerfisins að ytra jafnvægi líkast til í ríkari mæli verða bæði á útflutningshlið og innflutningshlið viðskiptajafnaðarins. Þessi eiginleiki gæti dregið úr þeim sveiflum sem alla jafna hafa einkennt bæði

viðskiptajöfnuð og raungengi í nútímahagsögu Íslands. Það gæti reynst mikilvægt mótvægi við þá samþjöppunaráhættu sem felst í tilkomu ferðaþjónustunnar sem langstærsta útflutningsatvinnuvegar þjóðarbúsins.

Það verður býsna áhugavert að sjá hvort það jafnvægi sem einkennt hefur gjaldeyrismarkað undanfarið hálf ár er til marks um slíkar breytingar eða hvort komandi misseri fela í sér afturhvarf til fyrri tíðar hvað varðar sveiflur á raungenginu og ytra jafnvægi þjóðarbúsins.



Virkara samspil raungengis við útflutning?

Raungengissveiflur eru um þessar mundir nátengdari ferðapjónustunni og þar með útflutningi


Gerbreytt samsetning útflutningstekna felur í sér að samspil raungengis krónu og viðskiptajafnaðar Íslands mun væntanlega verða með nokkuð öðrum hætti en verið hefur undanfarna áratugi. Þótt áhætta tengd gjaldeyristekjum sé orðin býsna nátengd þróun ferðapjónustunnar er ekki víst að það feli í sér umfangsmeiri frávik frá ytra jafnvægi eða meiri gengissveiflur en raunin hefur verið.

Ástæðan er m.a. sú að visbendingar eru um að ferðapjónustan sé næmari fyrir raungengisþróun en hinar hefðbundnu útflutningsgreinar, sjávarútvegur og áliðnaður. Ferðapjónustugeirinn á auðveldara með að draga úr framboðsmagni en hefðbundnu greinarnar og eftirspurn

ferðamanna er ekki eins næm fyrir hlutfallslegu verði á innlendri ferðapjónustu en spurn eftir sjávarfurfum og áli.

Rannsókn seðlabanka Nýja-Sjálands á sambandi raungengis og útflutnings gaf þá niðurstöðu að raungengishreyfingar hefðu mun meiri áhrif á þjónustu-útflutning en útflutning landbúnaðarvara, auk þess sem fyrrnefndi útflutningurinn brást við breytingum í alþjóðlegri eftirspurn meðan sá síðarnefndi þróaðist fremur í takti við breytingar á heimsmarkaðsverði og veðurskilyrðum. Ekki er úr vegi að ætla að hægt sé að heimfæra þessar niðurstöður á ferðapjónustu og sjávarútveg hér á landi.

Mynd 23. Raungengi og utanrikisviðskipti



Hátt hlutfall ferðamanna á mótí íbúum


Álag á innviði meira hér en á flestum af vinsælustu áfangastöðum heims

Þegar Ísland er borið saman við vinsælustu ferðamannapjöldir í Evrópu sést að Ísland er ennþá lítil fiskur í stórrí tjórn. Hingað koma t.d. um 3% af þeim fjölda ferðamanna sem ferðast til Frakklands sem er vinsælasti áfangastaður í Evrópu fyrir ferðamenn.

Hlutfall ferðamanna á mótí íbúum er langhæst á Íslandi í samanburði við vinsælustu ferðamannapjöldir Evrópu. Þetta hlutfall gefur vísbendingu um álag á innviði viðkomandi þjóðar. Innviðir fámennra þjóða eru eðli málsins

samkvæmt viðkvæmari fyrir mikilli og hraðri fjólsfjöldun en innviðir þeirra þjóða sem fjölmennari eru. Þannig hefur t.d. reynt Íslendingum erfitt að mæta vinnuafsbörf í ferðapjónustu og byggingariðnaði nema með aðfluttu vinnuafli samhliða hraðri fjöldun ferðamanna undanfarið. Eftirspurn eftir atvinnu- og íbúðarhúsnæði hefur einnig aukist samhliða uppgangi ferðapjónustunnar. Álag á flug- og vegasamgöngur hefur aukist og skapast hefur aukin þörf á gisti- veitinga- og afþreyingatengdri þjónustu.

Mynd 24. Fjöldi ferðamanna og íbúa valinna landa (í milljónum)
Myndinni er raðað eftir þeim löndum í Evrópu sem flestir ferðamenn sækja heim




Gistipjónusta á Íslandi háð komum ferðamanna

...ólíkt mörgum stórum ferðapjónustulöndum sem reiða sig á innlenda ferðapjónustu að miklu leyti

Heildarfjöldi seldra gistinguátta á árinu 2016 námu 7,8 milljónum. Eru þá ótaldar óskráðar gistinguætur sem eiga sér að mestu leyti stað í gegnum Airbnb. Þá voru um 87% seldra gistinguátta seldar til útlendinga og er Ísland á meðal þeirra þjóða sem selja hlutfallslega flestar gistinguætur til útlendinga

í Evrópu. Gistipjónusta á Íslandi er því að mestu leyti háð komum ferðamanna til landsins ólíkt t.d. nágrannapjóðum okkar á Norðurlöndunum, Danmörk, Finnlandi og Svíþjóð þar sem hlutfall seldra gistinguátta til útlendinga er um 30% að meðaltali. Gistipjónusta í áðurgreindum norrænum


Mynd 25. Hlutfall seldra gistinguátta til útlendinga
Árið 2016 (%)



ríkjum er því að mestu leyti háð innlendri ferðapjónustu. Í Frakklandi, sem er vinsælasta ferðamannaþjóð Evrópu, er hlutfall gistinguþátta sem seldar eru til útlendinga einnig lágt eða 31%.

Af þeim löndum innan Evrópu sem gagnagrunnur Eurostat nær til eru flestar gistinguþátta miðað við íbúafjölda seldar á Íslandi. Er það til marks um hve umfangsmikil íslensk gistinguþátta er orðin miðað við íbúafjölda landsins.

Mynd 26. Fjöldi seldra gistinguþátta m.v. íbúafjölda
Árið 2016




Suðurnes og Suðurland sækja í sig veðrið

...enda meira svigrúm þar til aukinnar nýtingar en á höfuðborgarsvæðinu

Skipting gistinóta eftir landsvæðum var þannig að tæplega helmingur allra seldra gistinóta voru á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2016 eða 45%. Á landsbyggðinni voru langflestar gistinætur seldar á Suðurlandi og því næst á Norðurlandi eystra og svo á Suðurnesjum. Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins hefur aukist frá árinu 2010 enda hefur seldum gistinóttum einungis fjölgað hraðar á Suðurnesjum og á Suðurlandi.

Mynd 27. Hlutfall seldra gistinóta


Á öllum tegundum skráðra gististaða eftir landsvæðum árið 2017



Fjölgun seldra gistinótta hefur verið hröðust á suðvesturhorni landsins í nálægð við höfuðborgarsvæðið.

Hér eru einungis skráðar gistinætur til skoðunar. Með tilkomu deiliahagkerfisins hefur mikill vöxtur verið í óskráðum gistinóttum og því æskilegra að greina markaðinn með tilliti til óskráðra gistinótta líkt og gert er á næstu glærum í þessari samantekt.

Mynd 28. Árleg hlutfallsleg fjölgun seldra gistinótta
 Á öllum tegundum skráðra gististaða eftir landsvæðum á tímabilinu 2010–2017




Gistinóttum á hvern ferðamann fækkar

...eða hvað?

Skráðum gistinóttum á öllum tegundum gistaða hefur fjölgað hægar en sem nemur fjölgun ferðamanna. Bendir það til þess að ferðamenn gisti ýmist skemur eða nýti sér í auknum mæli gistingu sem ekki er skráð opinberlega. Óskráð gisting fer að langmestu leyti fram í gegnum Airbnb.

Þegar seldum gistinóttum í gegnum Airbnb er bætt við þær gistinætur sem skráðar eru opinberlega fæst talsvert betra samhengi á milli fjölgunar ferðamanna og seldra gistinóta. Fjöldi nánast í stað að gistinóttum í gegnum Airbnb viðbættum.


Mynd 29. Fjölgun ferðamanna, gistinóta og gistinætur á hvern ferðamann
Skráðar gistinætur



Þetta bendir til þess að ferðamaðurinn dragi ekki úr dvalarlengd sinni líkt og greining á skráðum gistinguþöttum gefur til kynna. Frekar bendir tölfræðin til þess að ástæðan fyrir færri gistinguþöttum á hvern ferðamann sé að mestu leyti rakin til aukinnar ásóknar erlendra ferðamanna sem hingað ferðast í óskráða gistingu. Slík gisting fer að mestu leyti fram í gegnum óskráða gistingu á borð við Airbnb.

Þessu til viðbótar eru ferðamenn oftaldir, líkt og bent hefur verið á, og hefur það áhrif til fækkunar gistingu á hvern ferðamann.

Mynd 30. Fjölgun ferðamanna, gistinguþotta og gistinguþætur á hvern ferðamann
Skráðar gistinguþætur með gistinguþöttum á Airbnb




Airbnb nálgast hótelin óðfluga í umfangi

...og er nú þegar orðið um þrisvar sinnum umfangsmeira en öll gistiheimili landsins

Um 11,6 milljónir gistinguþátta voru seldar á árinu 2017 á öllum tegundum gistinguþátta. Þar af voru næstflestar, eða um 3,2 milljónir gistinguþátta, seldar í gegnum Airbnb. Flestar gistinguþátta, eða um 4,3 milljónir, voru seldar á hótelum. Fjöldi seldra gistinguþátta á Airbnb nam um 75% af þeim fjölda

gistinguþátta sem seldar voru á hótelum á sama tímabili. Airbnb er því orðin næstumfangsmesta gistinguþátta landsins og um þrisvar sinnum stærri en sú þriðja umfangsmesta sem eru gistiheimili.


Mynd 31. Seldar gistinguþátta eftir tegund gistinguþátta í milljónum gistinguþátta



Þegar hlutdeild á gistiþjónustumarkaðinum er skoðuð eftir tegund gistiþjónustu sést að hótelin eru ennþá með mestu hlutdeild eða 37%. Þar á eftir kemur Airbnb með um 30%. Athygli vekur að á sama tíma og hlutdeild Airbnb vex um rúm 11 prósentustig dregst hlutdeild allra annarra tegunda af gistiþjónustu saman.

Mikil fjölgun ferðamanna á tímabilinu sem hér er til skoðunar og aukin ásókn þeirra í Airbnb hefur leitt til þess að Airbnb er nú næstumfangsmesta gistiþjónusta landsins með tæplega þriðjung hlutdeild á gistiþjónustumarkaðinum á Íslandi.

Mynd 32. Hlutdeild seldra gistinóttu eftir gistiþjónustu
% af heildarfjölda seldra gistinóttu á hverju ári



Fer Airbnb fram úr hótélum á árinu?


Haldi gistinguþjónustumarkaðurinn áfram að þróast eins og verið hefur er allt útlit fyrir það

Gistinguóttum fjölgaði á árinu 2017 um 2,1 milljón. Nemur það um 24% fjölgun frá árinu 2016.

Þá tók Airbnb til sín um 1,6 milljónir gistinguótta eða um 76% af fjölgun gistinguótta á árinu 2017.


Vöxtur Airbnb hefur verið margfalt hraðari en vöxtur annars konar gistinguþjónustu undanfarin ár. Fyrir vikið hefur hagrur skráðrar gistinguþjónustu á Íslandi ekki vænkast í samræmi við þá miklu fjölgun ferðamanna sem átt hefur sér stað undanfarid. Hefur fjölgunin þess í stað að mestu drifið áfram vöxt deiliahagkerfisins.


Mynd 33. Fjölgun seldra gistinguótta á árinu 2017
í milljónum gistinguótta



Í þessu samhengi gæti einnig verið um að ræða aukid vanmat á verðmætasköpun á hvern ferðamann samhliða miklum vexti Airbnb. Ljóst er að mikið af þeim verðmætum sem þar verða til, og renna m.a. til heimila landsins, er ekki skráð í þeim gögnum sem eru til grundvallar þegar verðmætasköpun ferðamanna er skoðuð.

Mynd 34. Hlutdeild í fjölgun seldra gistinotta árið 2017
% af áætlaðri heildarfjölgun seldra gistinotta árið 2017



- 
- **Tíu tekjuhæstu** leigusalar á Airbnb veltu **1,3 milljarði króna** á árinu 2017
 - **44 ma.kr. áætluð fjárfesting hótela** á höfuðborgarsvæðinu í farvatninu til og með árinu 2021

Airbnb með tæpan þriðjung af markaðinum

Allar tegundir gististaða að missa hlutdeild til Airbnb sem vex langsamlega hraðast


Hótel seldu rúmlega helming allra gistinguá á árinu 2017 þegar einungis eru skoðaðar skráðar gistinguá. Þá hefur mesti vöxturinn í skráðum seldum gistinguátt sést stað hjá íbúða-, orlofshúsa- eða heimagistingu frá árinu 2010 og sá næstmesti hjá hótélum og farfuglaheimilum.

Þegar gistinguátt á Airbnb er bætt við skráðar gistinguátt blasir við breytt mynd. Þá eru hótélin ennþá stærst með 37%


markaðshlutdeild, Airbnb næststærst með 27% hlutdeild og gistiheimili koma þar á eftir með 12% sem þriðja stærsta gistinguátt landsins.

Það er því ljóst að Airbnb er orðinn ansi stór hluti af íslenskrari gistinguátt og mikilvægt að markaðurinn sé greindur með það í huga.

Mynd 35. Hlutfall seldra gistinguátt 2017
Eftir skráðri gistinguáttu



Mynd 36. Hlutfall seldra gistinguátt 2017 með Airbnb
Eftir skráðri gistinguáttu að Airbnb meðtöldu




Landsbyggðin drífur vöxt Airbnb

Um fjórar af hverjum tíu seldum gistinguþöttum í gegnum Airbnb eru á landsbyggðinni

Á árinu 2017 voru um 3,2 milljónir gistinguþötta seldar í gegnum Airbnb. Er það tvöföldun frá fyrra ári og tæplega sjöföldun frá árinu 2015.


Umfang deiliahagkerfisins hefur vaxið mun hraðar á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu á síðastliðnum tveimur árum. Á árinu 2015 seldust 18 þúsund gistinguþætur á landsbyggðinni en 1,3 milljónir á árinu 2017. Fjöldi seldra gistinguþötta á landsbyggðinni var því 73 sinnum fleiri á árinu 2017 en á árinu 2015.

Mynd 37. Fjöldi seldra gistinguþötta á Airbnb frá 2015 í þúsundum gistinguþötta



Hraður vöxtur í umfangi Airbnb á landsbyggðinni hefur leitt til þess að um fjórar af hverjum tíu seldum gistinguþöttum í gegnum Airbnb eru nú á landsbyggðinni. Það er umtalsverð breyting frá árinu 2015 þegar umfang Airbnb var nánast alfarið bundið við höfuðborgarsvæðið.

Mynd 38. Fjöldi seldra gistinguþotta á Airbnb og hlutfallsleg skipting eftir landsvæðum í þúsundum gistinguþotta



Tæplega 20 ma. kr. velta á Airbnb

Ódýrari valkostur en gisting á hótélum


Tekjur leigusala í gegnum Airbnb á Íslandi námu 19,4 mö. kr. á árinu 2017 og jukust um 109% frá fyrra ári.

Meðalverð fyrir sólarhringsdvöl á Airbnb er nokkuð misjafnt eftir því hvers eðlis gistirýmið er. Þegar um er að ræða leigu á öllu heimilinu er meðalverðið um 21,6 þús. kr. Til samanburðar er meðalverð á hótélherbergi í Reykjavík um 19,7 þús. kr. Heilt heimili getur hýst fleiri gesti en hótélherbergi alla jafna og er því meðalverð á hvern einstakling lægra á Airbnb en á hótélum. Þá er velta á Airbnb sem


hlutfall af veltu hótela töluvert lægra en fjöldi gistinguá Airbnb sem hlutfall af fjölda gistinguá hótela. Það gefur einnig til kynna að hver gistinguá sé ódýrari á Airbnb en á hótélum á Íslandi.

Airbnb er því ekki bara öðruvísi upplifun á gistinguámarkaðinum heldur einnig ódýrari valkostur. Gefur það ferðamanninum möguleika á því að dvelja lengur fyrir sama verð og á hótélum eða að dvelja í sambærilegan tíma og verja meiri útgjöldum í aðra útgjaldaliði en gistingu.

Mynd 39. Tekjur leigusala á Airbnb eftir landsvæði (m.kr.)



Mynd 40. Meðalverð fyrir Airbnb-gistirými í einn sólarhring ísk



Tíu tekjuhæstu velta 1,3 milljörðum króna

Fjárhagslegur hvati til útleigu íbúða til ferðamanna skerðir framboð á hefðbundnum leigumarkaði

Tekjuhæsti leigusali síðasta árs velti 230 m.kr. og var með 46 útleigurými í gegnum Airbnb. Rýmin geta verið allt heimilið, sameiginlegt herbergi eða sérherbergi. Þá eru eiginleikar á borð við gæði og fjölda gesta sem rýmið hýsir einnig ólíkir á milli rýma.


Sá leigusali sem var á meðal þeirra tekjuhæstu og var með mestar tekjur á hvert útleigurými velti rúmum 12 milljónum á hvert rými yfir 12 mánaða tímabil eða rúmlega milljón í hverjum mánuði á hvert rými. Á sama tíma er mánaðarlegt leiguverð á hvern fermetra á hefðbundnum leigumarkaði í

kringum þrjú þús. kr. fyrir tveggja herbergja íbúðir. Það gerir um 210 þús. kr. sé íbúðin 70 fermetrar. Meðalfermetra- verð lækkar svo eftir því sem herbergjum fjölgar og íbúðin stækkar.

Það er því ljóst að leigusalar geta aflað umtalsvert meiri tekna með því að leigja erlendum ferðamönnum í gegnum Airbnb en með því að leigja á hefðbundnum leigumarkaði. Hefur þessi hvati leitt til þess að íbúðir á hefðbundnum leigumarkaði eru færri en ella sem veldur að öðru óbreyttu hækkunarþrýstingi á leiguverð.

Mynd 41. Tíu tekjuhæstu leigusalar á Airbnb síðustu 12 mánuði (m.kr.)

Ásamt fjölda virkra eigna og meðalveltu á hverja skráða eign




Airbnb tekur rúmlega ársframboð nýbygginga

Framlag Airbnb í hækkun íbúðaverðs undanfarin þrjú ár nemur um 15%

Á háannatíma ferðapjónustunnar má áætla að fjöldi heimila í útleigu sé rúmlega 1.800. Er það um 44% fleiri íbúðir en byggðar hafa verið árlega frá aldamótum. Samtök iðnaðarins áætla að rúmlega 2.100 íbúðir verði byggðar á hverju árána 2018-2020 og er áætlaður fjöldi íbúða á háannatíma ferðapjónustunnar því um 85% af áætluðu árlegu framboði næstu þrjú árin eða svo.

Fjölgun íbúða í útleigu í gegnum Airbnb hefur því valdið hækkunarþrýstingi á íbúðaverð. Tímasetningin er einnig óheppileg í ljósi þess að meginorsök þess að íbúðaverð hefur hækkað hratt að undanförunu er framboðsskortur og skerðir þetta framboðið enn frekar. Seðlabankinn telur að áhrif Airbnb á íbúðamarkaðinn séu um 2% raunverðshækkun á ári undanfarin þrjú ár. Nemur það um 15% af hækkun íbúðaverðs á tímabilinu.

Mynd 42. Fjöldi íbúða á Airbnb á höfuðborgarsvæðinu á háannatíma
Ásamt árlegri aukningu nýbygginga á höfuðborgarsvæðinu á völdum tímabilum



44 ma. kr. fjárfesting hótela á höfuðborgarsvæðinu


Fjölgun um 427 hótélherbergi að meðaltali næstu fjögur árin á höfuðborgarsvæðinu

Greining Íslandsbanka áætlað að fjölgun hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu verði um 1,7 þúsund til og með árinu 2021. Hlutfallsleg fjölgun hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu er um 8% að meðaltali á hverju ári út spátímabilið. Er það í samræmi við fjölgun hótélherbergja á svæðinu á árunum þar á undan.


Áætluð fjárfesting vegna þessa nemur tæpum 44 mö. kr. út spátímabilið eða um 12 ma. kr. að meðaltali ár hvert. Til samanburðar var áætluð fjárfesting hótela um 16 ma. kr. árið 2016.

Virðist því heldur draga úr fjárfestingu í hótélgeiranum. Er það í takt við hægari fjölgun ferðamanna.

Mynd 43. Áætluð fjölgun hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum



Mynd 44. Áætluð fjárfesting í hótélum á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum ma. kr.



Hótelin mæta ekki þörf á hótélherbergjum

Um 70% af áætlaðri þörf hótélherbergja byggt á yfirstandandi ári

Bæði verð og nýting hótela er hvergi hærra á Norðurlöndunum en í Reykjavík. Bendir það til þarfar á auknu framboði til að auka samkeppni á hótélmarkaðinum og dempa um leið verðþrýsting.


Þá hefur deilihagkerfið vaxið hratt bæði vegna þess að þar býðst ferðamönnum í mörgum tilfellum ódýrari valkostur og öðruvísi upplifun en einnig vegna þess að hótél á höfuðborgarsvæðinu hafa verið við fulla nýtingu, sérstaklega á háannatíma á sumrin.

Miðað við þá fjölgun ferðamanna sem er í kortunum fyrir yfirstandandi ár áætla Greining Íslandsbanka að

hótél á höfuðborgarsvæðinu þurfi að fjölga herbergjum um rúmlega 534 til að mæta þörf. Við áætlum hins vegar að þeim muni fjölga öllu minna eða um 381. Nemur það um 71% af áætlaðri þörf. Þar sem nýting hótela á höfuðborgarsvæðinu er nú þegar með hæsta móti er ólíklegt að til takist að mæta vöntun á hótélherbergjum með aukinni nýtingu. Sú þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum mun því að okkar mati halda áfram, þ.e. að hótél á höfuðborgarsvæðinu muni missa hlutdeild sína ýmist til annars konar gistiþjónustu (og þá helst Airbnb) eða til landsbyggðarinnar þar sem ennþá er svigrúm til að auka nýtingu.

Mynd 45. Áætluð þörf hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2018

Ásamt áætlaðri fjölgun hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu



- **Ísland er einn dýrasti áfangastaður heims** og er verðlag **28% hærra á Íslandi** en á hinum Norðurlöndunum að meðaltali



- **Ísland er í 25. sæti yfir samkeppnishæfustu þjóðirnar í ferðaþjónustu**, þá er vinnumarkaður og hæfni vinnuafls metið **það samkeppnishæfasta í heimi**


Betri nýting hótela um allt land

Nýting aukist mest á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi

Nýting hótela hefur aukist umtalsvert frá árinu 2010 á öllum landsvæðum enda hefur ferðamönnum fjölgað umfram framboðs aukningu hótélherbergja á umræddu tímabili. Hæsta nýtingarhlutfallið um þessar mundir er á

höfuðborgarsvæðinu. Þar náði nýtingarhlutfallið hæst í 86% árið 2016 og lækkaði um tvö prósentustig í 84% á síðastliðnu ári.


Mynd 46. Nýting hótela eftir landsvæðum




Á landsbyggðinni er nýting hæst á þeim landsvæðum sem liggja nærri höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og á Suðurlandi. Þá hefur nýting einnig aukist mest á Suðurnesjum frá árinu 2010 eða um 34 prósentustig. Engu að

síður er ennþá talsvert svigrúm fyrir betri nýtingu hótela á landsbyggðinni og þá sérstaklega á kaldari mánuðum ársins. Árstíðasveiflur eru ennþá talsvert meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 47. Prósentustigsbreyting í nýtingu hótela eftir landsvæðum frá árinu 2010



- 
- **1%** fyrirtækja með helming af heildarrekstrartekjum ferðaþjónustunnar og **93%** fyrirtækja í ferðaþjónustu með einungis **19%** af heildarrekstrartekjum greinarinnar

- **Arðsemi ferðaþjónustunnar lækkaði** árið 2016 en rekstur greinarinnar stendur engu að síður **betur undir skuldsetningu um** þessar mundir en áður

Hótel á Suðurnesjum auka hlutdeild sína

Eina landsvæðið sem ekki missir hlutdeild á gistinguþjónustumarkaðinum


Hótelherbergjum hefur ekki fjölgað í takt við fjölgun ferðamanna á Íslandi. Þar af leiðandi hefur nýting hótelherbergja aukist töluvert á undanfórnum árum. Hagstofan heldur utan um fjölda hótelherbergja eftir landsvæðum aftur til ársins 2015. Séu þau gögn sett í samhengi við fjölgun ferðamanna, fjölgun seldra gistinguþátta og breytingu í nýtingu sést hvar á landinu hótelmarkaðinum hefur tekist best að mæta hraðri fjölgun ferðamanna.

Hlutfallsleg fjölgun seldra gistinguþátta var mest á Suðurnesjum og var það eina landsvæðið þar sem hún var umfram

hlutfallslega fjölgun ferðamanna. Hefur það náðst bæði með umtalsverðri framboðsáukningu og einnig með bættri nýtingu. Hlutfallsleg framboðsáukning hótelherbergja var sú mesta á Suðurnesjum á landinu yfir tímabilið og þá jókst nýting næstmest allra landsvæða á Suðurnesjum. Bendir þetta til þess að hótélum á Suðurnesjum hafi tekist betur að mæta fjölgun ferðamanna yfir tímabilið en hótélum á öðrum landsvæðum. Suðurlandi tókst svo næstbest að mæta fjölgun ferðamanna á tímabilinu en það gerði landsvæðið að mestu með aukinni nýtingu hótelherbergja.

Mynd 48. Nýting og fjölgun ferðamanna, seldra gistinguþátta og herbergja

Eftir landsvæðum frá árinu 2015




Dýrasta hótलगisting Norðurlanda í Reykjavík

Hátt REVPAR en rekstur hótela í Reykjavík ekki endilega arðsamari en í samanburðarborgum

Nýting hótelerbergja í Reykjavík var sú hæsta af höfuðborgum Norðurlandanna á árinu 2017. Þá var verð hótelerbergja í Reykjavík einnig það hæsta í sama samanburði.

Fyrir vikið er RevPAR hótela í Reykjavík einnig það hæsta af höfuðborgum Norðurlandanna. Mælikvarðinn er margfeldi nýtingar og verðs og gefur visbendingu um það hve vel hótelum tekst að nýta hótelerbergi sín miðað við verðlagningu. Há nýting getur gefið til kynna svigrúm til að hækka


Mynd 49. ADR og nýting stærstu höfuðborga á norðurlöndunum árið 2017



Verð en bæði nýting og verð hótela í Reykjavík er það hæsta á Norðurlöndunum og því hótulgisting hérlendis að öllum líkindum ein sú dýrasta í heimi.

Þetta þarf ekki endilega að þýða að hótélrekstur sé arðbærari í Reykjavík en á hinum Norðurlöndunum enda ekki tekið tillit til kostnaðar í þessum útreikningum. Rekstrarumhverfið hér er ólíkt því á hinum Norðurlöndunum og þarf að hafa það í huga í þessum samanburði.

Mynd 50. REVPAR stærstu höfuðborga á norðurlöndunum árið 2017




Ísland á meðal dýrustu þjóða heims

...þegar kemur að veitingastöðum og hótélum

Verð á veitingastöðum og gistinguþjónustu á Íslandi var 63% hærra en að meðaltali í aðildarríkjum ESB árið 2016 og er Ísland næstdýrasta landið í flokknum. Sviss er dýrasta landið þar sem verð á veitingastöðum og gistinguþjónustu er 67% hærra en að meðaltali í aðildarríkjum ESB. Verðvísitala þessa flokks á Íslandi hefur hækkað um 30% frá 2010 eða mest allra þjóða.

Þegar undirvísitölur vísitölu neysluverðs eru skoðaðar sést að áðurgreind hækkun á Íslandi er að mestu vegna hækkingar á gistinguþjónustu sem hækkað hefur um 45% á tímabilinu 2010–2016. Veitingar hafa á sama tíma hækkað minna eða um 26%. Hægt hefur á hækkingunum í þessum geirum en á árinu 2017 hækkaði vísitala gistingar um 3% og vísitala veitinga um 2%. Er það til marks um aukna


Mynd 51. Verð á veitingastöðum og hótélum m.v. meðalverð í ESB árið 2016



samkeppni í áðurgreindum geirum. Þá var styrking krónunnar mun hóflegri á árinu 2017 en á árunum þar á undan sem skapar þá minni þrýsting á ferðapjónustufyrirtæki að hækka verð á vörum og þjónustu.

Verð á þriggja rétta máltíð fyrir tvo á miðlungsdýrum veitingastað er um þessar mundir hæst á Íslandi á heimsvísu samkvæmt gögnum frá Numbeo.

Mynd 52. Verð á þriggja rétta máltíð fyrir tvo á miðlungsdýrum veitingastað árið 2018



Bílaleigumarkaðurinn


Mikill vöxtur hélt áfram 2017 en hægir líklegast á honum 2018

Bílaleigubílum fjölgaði um 20% á milli árána 2016 og 2017. Bílaleiguflotinn hafði þá rúmlega fimmfaldað sig að stærð frá árinu 2007. Samtals voru um 25.000 bílaleigubílar í umferð þegar mest lét síðasta sumar, eða sem nemur tæplega 10% af heildarbílaflota landsins. Ekki er gert ráð fyrir að þessi tala muni hækka mikið árið 2018, þrátt fyrir

áætlaðan aukinn ferðamannafjölda. Áherslan verður á að bæta nýtingu og á kostnaðarhagræðingu líkt og í fleiri sviðum ferðaþjónustu.

Rekstraraðilum fjölgaði einnig og voru þeir í heildina um 113 talsins á síðasta ári en þó með mismikil umsvif. Þannig


Mynd 53. Fjöldi bílaleigubíla í umferð yfir hásumar
Próun frá árinu 2006



voru aðeins 42 af þessum aðilum skráðir fyrir 50 bílum eða fleirum en til samanburðar voru þeir 23 árið 2014. Það er því auðséð að margir aðilar öttu kappi á markaðnum og ekki ólíklegt að hægja muni á þessari þróun og jafnvel eiga sér stað einhverjar hagræðingar.

Miðað við fjölda bíla eru það stóru rekstraraðilarnir sem eru ráðandi á markaðnum því 10 stærstu bílaleigurnar eiga um 75% af öllum bílaleigubílum. Sé það teygt upp í 20 stærstu þá eiga þeir tæplega 88% af flotanum. Restin dreifist því á marga smærri aðila.

Mynd 54. Fjöldi rekstraraðila
Fjöldi fyrirtækja með 50 bíla eða fleiri



**10 stærstu eiga
75% flotans**

**92% flotans eru
5 ára og yngri bílar**

**Nálgast 10%
af bílaflota**



■ Dísil **45%**
■ Bensín **54%**
■ Annað **1%**


Ferðapjónustan skapað meirihluta starfa

...og atvinnuleysi minnkað í kjölfarið


Samhliða miklum vexti ferðapjónustunnar undanfarin ár hefur störfum í greininni fjölgað mikið. Störfum á Íslandi fjölgaði um 40 þúsund á tímabilinu 2011-2017, þar af voru um 16 þúsund eða 39% í ferðapjónustugreinum. Ef tengdum atvinnugreinum er bætt við hækkar hlutfallið enn meira en

hluti vaxtarins í verslun og byggingariðnaði er beintengdur vexti ferðapjónustunnar. Að okkar mati má því rekja beint eða óbeint a.m.k. helming þeirra starfa sem skapast hafa í hagkerfinu á þessu tímabili til ferðapjónustunnar. Greinin hefur þannig átt stóran þátt í því að minnka atvinnuleysið

Mynd 55. Fjöldi skapaðra starfa 2011-2017
Eftir atvinnugreinum




Mynd 56. Hlutfall starfsmanna í ferðapjónustu eftir atvinnugreinum
Árið 2017



sem myndaðist hér í kjölfar efnahagsfallsins 2008. Atvinnuleysi varð mest árið 2010 þegar það var 7,6% en það hefur dregið úr því með árunum og var 2,8% árið 2017. Gefur þetta vísibendingu um að hlutfall ferðapjónustu í hagvexti á tímabilinu sé hátt.

Fjölmennasta atvinnugreinin er veitingasala, þar starfa um 38% starfsmanna ferðapjónustunnar. Næstflestir, eða 24%, starfa við rekstur gististaða.

Mynd 57. Hlutfall atvinnulausra að meðaltali 2008-2017




Ein umfangsmesta atvinnugreinin

...og hlutfallsleg fjölgun sú sjötta mesta í heiminum


Á árinu 2017 störfuðu rúmlega 27 þúsund manns í ferðapjónustu og hefur greinin aukið umfang sitt í íslensku atvinnulífi til muna. Hlutfall launþega í greininni af heildarfjölda starfandi í hagkerfinu hefur vaxið úr 7,9% í 14,5% frá

árinu 2010 eða um 6,5%. Því er ljóst að ferðapjónustan er orðin ein umfangsmesta atvinnugrein hagkerfisins. Í alþjóðlegu samhengi var hlutfallsleg fjölgun starfa í ferðapjónustu á Íslandi á árinu 2016 sú sjötta mesta í heiminum.

Mynd 58. Hlutfall starfa í ferðapjónustu af heildarfjölda starfa



Mynd 59. Hlutfallsleg fjölgun starfa í ferðapjónustu eftir löndum árið 2016




Framleiðni vinnuafis í ferðapjónustu eykst

Hver ferðamaður eyðir um 16% minna en á árinu 2009

Árið 2017 var um 81 ferðamaður á hvern starfsmann í ferðapjónustu en til samanburðar voru þeir 38 á hvern starfsmann árið 2010 og hefur því fjöldi ferðamanna á hvern starfsmann meira en tvöfaldast frá upphafi áratugarins.


Samkvæmt mælingum Hagstofunnar er framleiðni vinnuafis í ferðapjónustu að aukast töluvert. Hagstofan skilgreinir framleiðni vinnuafis sem þau verðmæti sem verða til við framleiðslu á hverja vinnustund. Þar jókst framleiðni vinnu-

Mynd 60. Fjöldi ferðamanna á hvert starf í ferðapjónustu



afis í rekstri, gististöðu og veitingarekstri um 44% á árunum 2008- 2016 næstmest allra atvinnugreina. Bendir það til þess að hvert starf innan ferðapjónustunnar skili auknum virðisauka og að framleiðni vinnuafis innan greinarinnar hafi aukist talsvert síðustu ár.

Mynd 61. Framleiðni vinnuafis eftir atvinnugreinum




Skortur á starfsfólki í ferðapjónustu

...og þörfin mest á höfuðborgarsvæðinu

Samkvæmt könnun Samtaka atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands þar sem viðhorf 400 stærstu fyrirtækja landsins voru könnuð, kom í ljós að fyrirtæki sem hyggjast fjölga starfsfólki næstu 6 mánuði eru í miklum meirihluta. Í flokknum samgöngur, flutningar og ferðapjónusta töldu

46% fyrirtækja sig vilja fjölga starfsfólki á næstu 6 mánuðum en það er hæsta hlutfall allra greina. Einnig töldu fyrirtæki í flokkunum byggingastarfsemi og veitur (32%), iðnaður og framleiðsla (25%) og verslun (27%) þurfa að bæta við sig starfsfólki á næstu 6 mánuðum en þessir flokkar verða fyrir

Mynd 62. Starfsmannabreytingar stærstu fyrirtækja næstu 6 mánuði
Eftir atvinnugreinaflokkum




■ Hlutfall fyrirtækja sem vilja fjölga starfsmönnum, desember 2017

■ Hlutfall fyrirtækja sem vilja fækka starfsmönnum, desember 2017

óbeinum áhrifum af ferðapjónustu. Skorturinn er mestur á höfuðborgarsvæðinu en þar vilja 33% fyrirtækja innan greinarinnar fjölga starfsfólki á næstu 6 mánuðum. Á landsbyggðinni vilja 14% fyrirtækja fjölga starfsfólki á sama tíma. Gefa niðurstöður til kynna að ferðapjónustan

og aðrar greinar sem verða fyrir óbeinum áhrifum af fjölgun ferðamanna séu þær greinar þar sem mestur skortur er á starfsfólki og að meiri skortur ríki á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Mynd 63. Starfsmannabreytingar stærstu fyrirtækja næstu 6 mánuði
Eftir landsvæðum




Vinnuafspörf mætt með erlendu vinnuafli

Aldrei meiri fjölgun erlendra ríkisborgara á Íslandi en nú

Vinnuafspörf ferðapjónustunnar hefur í miklum mæli og að talsverðu leyti verið mætt með erlendu vinnuafli. Aðfluttum erlendum ríkisborgurum á Íslandi á aldrinum 20-59 ára fjölgaði umfram brottflutta um 3,8% af mannfjölda árið 2017 og um 0,6% á síðasta fjórðungi ársins. Þessir búferlaflutningar eru afleiðing þeirrar miklu þenslu

sem hefur átt sér stað í efnahagslífinu undanfarið og þar af leiðandi á vinnumarkaðnum. Niðurstöður könnunar á 400 stærstu fyrirtækjum bendir til þess að ekkert lát verði á fjölgun starfa fyrri hluta árs 2018. Eftirspurn eftir vinnuafli er þegar umfram eðlilega fjölgun á vinnumarkaði sem bendir til þess að enn frekari þörf sé á erlendu vinnuafli. Vinnuála-

Mynd 64. Búferlaflutningar fólks á aldrinum 20-59 ára sem hlutfall af mannfjölda




stofnun gerir ráð fyrir að í byrjun árs 2018 sé erlent launafólk um 12-13% alls launafólks á Íslandi og muni koma til með að aukast á næstu misserum.

Þegar staðsetning erlendra ríkisborgara sem hlutfall af íbúafjölda er skoðuð kemur í ljós að langflestir eru stað-

settir á Suðurnesjum. Því má ætla að mikil þörf sé á vinnuafli á Suðurnesjum, einnig gæti verið að erlent vinnuafli sækist í svæði nálægt höfuðborgarsvæðinu þar sem húsnæðisverð er lægra.

Mynd 65. Aðfluttir erlendir ríkisborgarar sem hlutfall af íbúafjölda eftir landsvæðum
Árið 2016




Dýrasti áfangastaður heims?

Verðlag er 28% hærra á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum að meðaltali

Tölur frá OECD benda til þess að Ísland sé dýrasti áfangastaður heims um þessar mundir. Af þeim löndum sem gögnin ná til er Ísland það dýrasta. Þannig er verðlag hér 11% hærra en í Sviss og 28% hærra en annars staðar á Norðurlöndunum að meðaltali. Þá er verðlag á Íslandi á bilinu 1,5 til 2 sinnum hærra en í Frakklandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Ítalíu, Spáni og Portúgal sem eru á meðal vinsælustu áfangastaða heims fyrir ferðamenn. Það er því ljóst að verðlagið hér er það hæsta á meðal OECD-ríkja og eflaust fá ríki á alþjóðavísu sem búa yfir hærra verðlagi.

Í þessu samhengi skiptir máli að samband gæða og verðs sé sterkt, þ.e. að ferðamaðurinn upplifi að gæði vara og þjónustu íslenskrar ferðapjónustu sé í samræmi við verðlagningu. Ferðamannapúlsinn mælir upplifun ferðamanna á þessu sambandi verðs og gæða og fór sá mælikvarði úr 82,9 stigum í 76,9 stig yfir árið 2016 en hækkaði svo og endaði í 78,2 stigum undir lok síðasta árs. Ferðamaðurinn upplifði því lakara samband verðs og gæða yfir árið 2016 og snerist sú þróun við á árinu 2017. Söguleg styrking krónunnar átti sér stað á árinu 2016 sem virðist m.a. hafa skilað sér í lakari mælingu. Gengið endaði svo á svipuðum stað undir lok ársins 2017 líkt og það stóð við upphaf þess árs. Gengissveiflur krónunnar virðast því hafa talsverð áhrif á upplifun ferðamanna á samband verðs og gæða.

Mynd 66. Verðlag á Íslandi sem margfeldi af verðlagi annarra landa 2017



25. sæti yfir samkeppnishæfustu þjóðirnar


Vinumarkaður og hæfni vinnuafls metið það samkeppnishæfasta í heimi

Ísland er í 25. sæti af 136 löndum yfir samkeppnishæfustu ferðamannalönd heims samkvæmt World Economic Forum. Ísland var í 18. sæti síðast þegar World Economic Forum gaf út sambærilega rannsókn og fellur því um sjö sæti á milli rannsókna. Á milli rannsókna lækkar einkunn Íslands mest á sviði menningar- og náttúruverðmæta, verðlags og samgangna á landi. Einkunnin hækkar svo mest á sviði öryggis, upplýsinga- og fjarskiptatækni, heilbrigðisþjónustu og hreinlætis, forgangsröðunar stjórnvalda á ferðapjónustu, ferðapjónustutengdra innviða og mannauðs og vinnumarkaðar.

Styrkleikar landsins eru helst taldir vera mannauður, hvað landið er opið og vel tengt flugumferð og innviðir ferðapjónustunnar hér á landi. Einnig er öryggi og hreinlæti á meðal kosta landsins. Á móti dregur skortur á menningarlegri afþreyingu og hátt verðlag nokkuð úr samkeppnishæfni landsins í ferðapjónustu.

Mynd 67. Samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaður fyrir ferðamenn á alþjóðavísu

Á skalanum 1-7



Samkeppnishæfasti vinnumarkaður heims


Eitt ósamkeppnishæfasta verðlag í heimi ásamt þjóðum sem bjóða þegnum sínum góð lífsgæði

Ísland er talið búa yfir samkeppnishæfasta mannauði og vinnumarkaði í heimi. Þá erum við í þriðja sæti bæði þegar kemur að öryggi, glæpatíðni og áreiðanleika löggæslu og einnig á sviði forgangsröðunar ferðapjónustunnar af hálfu stjórnvalda.

Þá er Ísland á meðal topp tuttugu þjóða í níu af þeim fjórtán undirmælikvörðum sem greindir eru í rannsókninni. Þeir fimm undirmælikvarðar sem eru síst samkeppnishæfir á Íslandi eru heilbrigðisþjónusta og hreinlæti (38. sæti), samgöngur á landi (42. sæti), náttúruverðmæti (52. sæti), menningarverðmæti og viðskiptaferðalög (90. sæti) og verðlag á vörum og þjónustu í ferðapjónustu (132.

sæti). Ísland er því ósamkeppnishæfast á alþjóðavísu þegar kemur að verðlagi ferðapjónustunnar. Þær þjóðir sem eru samkeppnishæfastar á þennan mælikvarða eru í flestum tilfellum með lága verga landsframleiðslu (VLF) á hvern íbúa. VLF á hvern íbúa er oft notað sem mælikvarði á lífsgæði á milli landa. Einu löndin sem skora hærra í VLF á hvern íbúa og einnig í verðlagi í ferðapjónustu eru Noregur, Írland og Lúxemborg. Hátt verðlag og aukin lífsgæði hanga því að talsverðu leyti saman. Í því ljósi er það ekki alslæmt að Ísland sé ósamkeppnishæft í verðlagi á vörum og þjónustu í ferðapjónustu.

Mynd 68. Samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaður fyrir ferðamenn á alþjóðavísu



1% fyrirtækja með helming allra tekna


...ferðapjónustunnar og 93% fyrirtækja í ferðapjónustu með einungis 19% rekstrartekna

Creditinfo hefur tekið saman vitt og þröngt mengi á íslenskrri ferðapjónustu. Þrönga mengið endurspeglar þá starfsemi sem fyrst og fremst höfðar til erlendra ferðamanna. Þrönga mengið nær til flugfélaga, ferðaskrifstofa, hótela og annars konar gistinguþjónustu, bílaleiga og annars konar farþegaflutnings og afþreyingu. Í víða menginu bætast við

veitingastaðir og smásala. Í þessari samantekt er þrönga mengið til skoðunar. Opinber hlutafélög eru ekki hluti af því mengi sem Creditinfo tók saman.

Á árinu 2016 námu rekstrartekjur ferðapjónustunnar 385 mö. kr. og þar af voru rekstrartekjur 10 stærstu fyrir-


Mynd 69. Rekstrarstærðir ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi
Fjárhæðir í mö. kr.



tækjanna* 208 ma.kr eða sem nemur 54% af heildarrekstrartekjum greinarinnar. Ferðapjónustan á Íslandi einkennist því af fáum mjög stórum fyrirtækjum og mörgum litlum en um 93% fyrirtækjanna skiluðu einungis um 19% af heildarrekstrartekjum greinarinnar.

Arðsemi eigna (hagnaður/eignir) gefur vísbendingar um það hversu arðbærar eignir félaga eru. Arðsemi eigna í ferðapjónustu frá árinu 2011 náði hámarki á árinu 2015 í 8,9% og lækkaði svo í 7,3% á árinu 2016.

Mynd 70. Fjöldi og rekstrartekjur eftir stærð fyrirtækja



Miðgildi EBITDA rúmlega fjórfaldast


Lítill fyrirtæki í ferðapjónustu hafa náð miklum árangri í rekstri frá árinu 2011

Þar sem rekstrarstærðir íslenskrar ferðapjónustu litast talsvert af þeim fyrirtækjum sem stærri eru getur verið gagnlegt að skoða miðgildi ákveðinnar rekstrarstærðar.


Miðgildi rekstrarhagnaðar fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) hefur rúmlega fjórfaldast frá árinu 2011 hjá íslenskum ferðapjónustufyrirtækjum. Meðalferðapjónustufyrirtæki skilaði þannig almennt rúmlega fjórum sinnum meiri rekstrarhagnaði fyrir fjármagnsliði á árinu 2016 en á árinu 2011.

Þegar miðgildið er svo skoðað eftir stærðarflokkum sést að það hefur hækkað hlutfallslega mest hjá litlum fyrirtækjum. Þetta bendir til þess að rekstrarhagnaður litilla félaga í ferðapjónustu hafi vaxið hlutfallslega umfram hagnað þeirra sem stærri eru. Hefur því mestur árangur náðst á þennan mælikvarða hjá litlum félögum í greininni. Það verður að teljast jákvætt í ljósi þess að lítill félög spanna, eins og áður segir, um 93% af heildarfjölda fyrirtækja í greininni.

Mynd 71. Miðgilda EBITDA íslenskra ferðapjónustufyrirtækja í þúsundum króna, á verðlagi hvers árs




Mynd 72. Hlutfallsleg breyting miðgildis EBITDA frá árinu 2011 eftir stærð fyrirtækja



- Rekstur **afþreyingafyrirtækja, flugfélaga og bílaleiga** stendur best undir **skuldsetningu sinni árið 2016**

- **Áætluð fjárfesting** íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja nam um **73 mö. kr. á árinu 2016** sem nemur aukningu um **19% frá fyrra ári**




Rekstrartekjur langmestar á höfuðborgarsvæðinu

Icelandair og Wow air með rúmlega þriðjung heildarrekstrartekna í greininni

Um 81% af heildarrekstrartekjum greinarinnar verður til hjá fyrirtækjum með skráð aðsetur á höfuðborgarsvæðinu og 19% á landsbyggðinni. Ástæðan er fyrst og fremst sú að átta af tíu stærstu fyrirtækjum ferðapjónustunnar m.v. rekstrartekjur eru með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu.

Mestu rekstrartekjur á landsbyggðinni voru hjá fyrirtækjum með aðsetur á Norðurlandi eystra eða um 23 ma. kr. (6% af heildarrekstrartekjum greinarinnar). Einu tvö stóru fyrirtækin á landsbyggðinni eru með aðsetur á Norðurlandi eystra og á Suðurnesjum.


Mynd 73. Fjöldi og rekstrartekjur ferðapjónustunnar eftir landsvæði og stærð árið 2016
Fjárhæðir í m.e. kr.



Næstmestu rekstrartekjur landsbyggðarinnar verða svo hjá fyrirtækjum með aðsetur á Suðurlandi eða um 20 ma. kr. (5,1% af heildarrekstrartekjum greinarinnar). Minnstu tekjurnar verða til hjá félögum með skráð aðsetur á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra.

Á höfuðborgarsvæðinu eru það flugfélögin Icelandair og Wow air sem eru langstærstu félög íslenskrar ferðaþjónustu með samanlagðar rekstrartekjur upp á 147 ma.kr eða um 38% allra rekstrartekna greinarinnar á árinu 2016.

Mynd 74. Fjöldi og rekstrartekjur ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni eftir landsvæði árið 2016



Flugfélögin með langmestu tekjurnar


Ferðaskrifstofur og hótél koma þar á eftir og minnsta veltan er hjá afþreyingarfyrirtækjum

Tekjur flugfélaga í íslenskrri ferðapjónustu námu 165 mö. kr. Stór hluti eða um 43% af heildartekjum ferðapjónustunnar verður því til hjá flugfélögum. Skýrist það að mestu leyti af miklum tekjum Icelandair og Wow air. Eins og áður segir eru flugfélögin Icelandair og Wow air

langstærstu fyrirtæki íslenskrar ferðapjónustu með samlagðar rekstrartekjur upp á 147 ma. kr. eða um 38% allra rekstrartekna greinarinnar á árinu 2016.

Mynd 75. Fjöldi og rekstrartekjur fyrirtækja í ferðapjónustu eftir starfsemi árið 2016


Sem hlutfall af heildarfjölda og heildarrekstrartekjum greinarinnar árið 2016



Næst á eftir koma svo ferðaskrifstofur með 72 ma. kr. eða sem nemur 19% af tekjum greinarinnar. Hafa ber í huga að starfsemi ferðaskrifstofa felst í því að selja vörur og þjónustu annarra ferðapjónustufyrirtækja og renna tekjur ferðaskrifstofa því að mestu leyti til annarra fyrirtækja í greininni.

Minnsti hluti tekna er svo hjá afþreyingarfyrirtækjum eða um 19 ma. kr. sem nemur um 5% af heildartekjum í greininni.

Mynd 76. Rekstrartekjur eftir starfsemi og hlutfall tekna eftir stærð




Skuldsetning í ferðapjónustu minnkar

Lítill fyrirtæki skuldsettari en þau sem stærri eru


Skuldsetning í ferðapjónustu hefur minnkað á síðastliðnum árum. Á árinu 2016 nam eiginfjárlutfall greinarnnar um 29% sem er 10 prósentustigum hærra hlutfall en á árinu 2011.

Skuldsetning minnkar að öllu jöfnu eftir því sem félagið stækkar. Þannig eru félög með rekstrartekjur umfram 4 ma. kr. með eiginfjárlutfall sem nemur 33% að meðaltali, meðalstór félög eru svo með 29% eiginfjárlutfall að meðaltali og þau sem litil eru eru með 22% eiginfjárlutfall að meðaltali.

Mynd 77. Eignir, skuldir og eiginfjárlutfall ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi
Fjárhæðir í mö. kr.



Mynd 78. Eignir, skuldir og eiginfjárlutfall ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi eftir stærð
Fjárhæðir í m.ö. kr.




Skuldsetning minnst á Austurl. og á hbsv.

...og mest á Norðurlandi vestra þar sem eiginfjárlutfall er um 3%

Skuldsetning í greininni hefur minnkað á síðastliðnum árum. Þegar þróunin er skoðuð eftir landsvæðum er hún alls staðar í þá átt. Mest hefur skuldsetning minnkað á Norðurlandi vestra, Suðurlandi og Vesturlandi þar sem eiginfjárlutfallið var í öllum tilfellum neikvætt á árinu 2011. Á áðurgreindum landsvæðum hefur eiginfjárlutfallið hækkað um á bilinu 24- 39 prósentustig.

Eiginfjárlutfallið var hæst á Austurlandi (38%) og á höfuðborgarsvæðinu (31%) á árinu 2016 og var því skuldsetning minnst á þeim landsvæðum. Eiginfjárlutfall var svo lægst á Vestfjörðum (11%) og á Norðurlandi vestra (3%) og skuldsetning því mest á þeim landsvæðum. Á Norðurlandi vestra var eiginfjárlutfall jákvætt í fyrsta skiptið árið 2016 á tímabilinu 2011-2016.

Mynd 79. Eiginfjárhlutfall ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi eftir landsvæði




Skuldsetning minnst í afþreyingu og flugi

...og mest hjá bílaleigum þar sem eiginfjárlutfall er um 11%

Skuldsetning í greininni hefur minnkað á síðastliðnum árum. Þegar þróunin er skoðuð eftir starfsemi er hún á þá leið hjá öllum starfsgeirum nema ferðaskrifstofum og farþegaflutningum þar sem skuldsetning hefur aukist frá árinu 2011. Mest hefur dregið úr skuldsetningu hjá hótélum og annars konar gistingu þar sem eiginfjárlutfallið var neikvætt um 19% á árinu 2011. Á árinu 2016 var eiginfjárlutfall hótela og annarrar gistingar 29% og hefur því hækkað um 48 prósentustig frá árinu 2011. Skuldsetning hótela og annarrar gistingar er því mun heilbrigðari um þessar mundir en áður.

Eiginfjárlutfallið var hæst hjá afþreyingu (47%) og hjá flugfélögum (32%) á árinu 2016 og var því skuldsetning minnst í þeirri starfsemi. Eiginfjárlutfall var svo langlægst hjá bílaleigum (11%) og skuldsetning því mest í þeirri starfsemi. Engu að síður hefur skuldsetning hjá bílaleigum þróast með jákvæðum hætti undanfarin ár.

Mynd 80. Eiginfjárlutfall ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi eftir starfsemi árið 2016




Það dró úr arðsemi greinarinnar árið 2016

Rekstur greinarinnar stendur betur undir skuldsetningu um þessari mundir en áður

EBITDA í íslenskrri ferðapjónustu nam um 65 mö. kr. árið 2016. Nam EBITDA-framlegð greinarinnar um 17%. Framlegðin sýnir hversu miklu reksturinn skilar til að standa undir fjármagnsliðum og endurspeglar rekstrarhagkvæmni greinarinnar.

Í EBIT-framlegð er búið að taka tillit til afskrifta og þá lækkar framlegð ferðapjónustunnar í 10%. Framlegð hagnaðar er svo 7% og skila sér því sjö af hverjum 100 krónum sem ferðapjónustufyrirtæki velta í hagnað fyrir-tækjanna.


Mynd 81. Framlegð íslenskrar ferðapjónustu árið 2016



Skuldsetning greinarinnar mæld á móti rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA) hefur lækkað úr 6,6 í 4,1 og stendur rekstur ferðaþjónustufyrirtækja því betur undir skuldsetningu sinni um þessar mundir.

Arðsemi eigna lækkaði um 1,6 prósentustig á árinu 2016 frá fyrra ári og var 7,3%. Arðsemi eiginfjár lækkaði um 5,4 prósentustig á árinu 2016 frá fyrra ári og var 25,2%. Í greininni á árinu 2016. Gerðist það þrátt fyrir að eiginfjárlutfall greinarinnar hafi lítið sem ekkert breyst á milli ára. Arðsemi ársins 2016 var því lakari í ferðaþjónustu en á árinu 2015.

Mynd 82. Arðsemi og skuldsetning ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi




Arðsemi eykst með stærð fyrirtækja

Framlegð og arðsemi stórra félaga hærrí en þeirra sem minni eru

EBITDA-framlegð er sambærileg á milli stærðarflokka eða á bilinu 16-18%. Kostnaður fyrir fjármagnsliði er því sambærilegur sem hlutfall af tekjum á milli stærðarflokka. EBIT-framlegðin er einnig sambærileg á milli stærðarflokka. Þegar hins vegar búið er að taka tillit til fjármagnsliða

og annars kostnaðar lítur rekstur stórra félaga betur út en þeirra sem minni eru. Framlegð hagnaðar stórra fyrirtækja er rúmlega tvisvar sinnum hærrí en þeirra sem lítil eru. Bendir það til þess að fjármögnunar- og annar kostnaður sé hærrí sem hlutfall af rekstrartekjum hjá litlum fyrirtækjum en hjá

Mynd 83. Framlegð árið 2016 eftir stærð fyrirtækja




þeim sem stærri eru.

Arðsemi eigna og eiginfjár er einnig hæst hjá stórum félögum og lækkar svo eftir því sem fyrirtækið er minna.

Eðli starfseminnar í hverjum stærðarflokki er ólík og

er flokkur lítilla og meðalstórra fyrirtækja mun þyngrri í ferðaskrifstofum og gistinguþjónustu en flokkur stórra fyrirtækja. Flokkur stórra fyrirtækja litast að langmestu leyti af rekstri Ícelandair og Wow air.

Mynd 84. Arðsemi og skuldsetning árið 2016 eftir stærð fyrirtækja




Framlegð hæst hjá afþreyingu og bílaleigu

Rekstur afþreyingafyrirtækja, flugfélaga og bílaleiga stendur best undir skuldsetningu sinni

EBITDA-framlegð er hæst hjá bílaleigum á meðal ferðapjónustufyrirtækja eða 39%. Kostnaður við starfsemina er því lægstur sem hlutfall af tekjum hjá þeim. EBITDA-framlegð er svo lægst hjá ferðaskrifstofum eða 6%.

Þegar búið er að taka tillit til afskrifta lækkar framlegð bílaleiga um 24 prósentustig. Lækkunin helgast af miklum afskriftum bílaleiga af fjármagnsfrökum bílafloða. Framlegð að teknu tilliti til afskrifta er hæst hjá afþreyingarfyrirtækjum eða 26% og lægst hjá ferðaskrifstofum eða 4%.

Mynd 85. Framlegð árið 2016 eftir starfsemi fyrirtækja




Þegar búið er að taka tillit til fjármagnsliða og annars óreglulegs kostnaðar er framlegð hæst hjá afþreyingu og lægst hjá farþegaflutningum.

Arðsemi eigna er hæst hjá afþreyingu og lægst hjá farþegaflutningum. Há framlegð bílaeiga og lágt eiginfjárhlutfall leiðir til þess að arðsemi eiginfjár er langhæst

hjá bílaeigum. Arðsemi eiginfjár er svo lægst hjá farþegaflutningum.

Rekstur afþreyingarfyrirtækja, flugfélaga og bílaeiga stendur best undir skuldsetningu sinni á meðan rekstur hótela og ferðaskrifstofa stendur síður vel undir skuldsetningu sinni.

Mynd 86. Arðsemi og skuldsetning árið 2016 eftir starfsemi fyrirtækja




Framlegð hæst á Suðurnesjum og Austurlandi

Rekstur á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum stendur síður undir skuldsetningu sinni

EBITDA-framlegð er hæst á meðal ferðapjónustufyrirtækja á Suðurnesjum eða 34%. Kostnaður við starfsemina er því lægstur sem hlutfall af tekjum þar. Framlegðin er svo lægst á Norðurlandi vestra eða 10%. Þegar búið er að taka tillit til afskrifta er framlegðin ennþá hæst á Suðurnesjum og lægst á Vestfjörðum.

Þegar búið er að taka tillit til fjármagnsliða og annars kostnaðar er hagnaðarhlutfall hæst á Suðurnesjum og lægst á Norðurlandi vestra. Framangreindar kennitölur eru ólíkir mælikvarðar á framlegð og benda þeir til þess að framlegð sé almennt hæst á Suðurnesjum og Austurlandi og lægst á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra.


Mynd 87. Framlegð árið 2016 eftir landsvæðum



Há framlegð og lágt eiginfjárlutfall leiðir til þess að arðsemi eiginfjár er langhæst á Vesturlandi (73%) og á Suðurnesjum (49,5%). Eins og áður segir er framlegð há á Austurlandi en eiginfjárlutfall þar er um þrisvar sinnum hærra en á Vesturlandi og verður því arðsemi eiginfjár umtalsvert lægri þar eða 29%. Arðsemi eignfjár er svo lægst á Vestfjörðum eða 13%.

Rekstur á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum stendur síður undir skuldsetningu sinni en rekstur á öðrum landsvæðum.

Mynd 88. Arðsemi og skuldsetning árið 2016 eftir landsvæðum



73 ma. kr. fjárfesting ferðapjónustunnar

Meginþungi fjárfestinga í greininni liggur hjá flugfélögum, hótélum og bílaleigum


Áætluð fjárfesting íslenskra ferðapjónustufyrirtækja nam um 73 mö. kr. á árinu 2016 sem nemur aukningu um 19% frá fyrra ári.

Var framlag flugfélaganna langmest fjárfestingu greinarinnar í heild eða um 27 ma. kr. Þar á eftir koma hótélín (16 ma. kr.) og bílaleigurnar (11 ma. kr.). Samanlagt hefur fjárfesting áðurgreindra þriggja starfsgeira verið um 80% af fjárfestingu greinarinnar í heild frá árinu 2011. í

Þá er um 74% þeirrar fjárfestingar sem átti sér stað á árinu 2016 hjá fyrirtækjum með skráð aðsetur á höfuðborgarsvæðinu.

Heildaratvinnuvegafjárfesting á Íslandi nam 368 mö. kr og var því hlutdeild ferðapjónustunnar í atvinnuvegafjárfestingu á Íslandi um 20%.

Mynd 89. Áætluð fjárfesting ferðapjónustunnar
Ma. kr.



Legalegur fyrirvari

Skýrsla þessi er tekin saman af Íslandsbanka hf.

Upplýsingar í skýrslu þessarieru upprunnar frá innlendum og erlendum upplýsinga- og fréttaveitum, sem taldar eru áreiðanlegar, ásamt opinberum upplýsingum, eigin úrvinnslu Greiningar og mati á hverjum tíma. Upplýsingarnar hafa ekki verið kannaðar sjálfstætt af Íslandsbanka og ábyrgist bankinn ekki nákvæmni upplýsinganna, áreiðanleika eða réttmæti þeirra. Skoðanir höfunda geta breyst án fyrirvara og ber Íslandsbanka ekki skylda til að uppfæra, lagfæra eða breyta skýrslunni við breyttar forsendur.

Skýrslan er einungis birt í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum. Íslandsbanki og starfsmenn bankans bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem kunna að vera gerð á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðleggingar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingarkosti sem í boði eru. Fjárfestingum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflöktis gjaldmiðla. Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta er mismunandi. Bent skal á að árangur í fortíð er ekki trygging um árangur í framtíð.

Skýrslur og aðrar upplýsingar sem berast frá Íslandsbanka eru einungis ætlaðar til einkanota.

Hvorki má afrita efnið, vitna í það né dreifa því, í heild eða að hluta, án skriflegs leyfis frá Íslandsbanka.

Skýrsla þessi er stutt samantekt og ber ekki að lita svo á að í henni sé að finna allar tiltækar upplýsingar um þau viðfangsefni sem hún fjallar um.

Eftirlitsaðili: Fjármálaeftirlitið (www.fme.is).

Bandaríkin

Skýrslu þessari eða afritum hennar má ekki dreifa í Bandaríkjunum eða til viðtakenda sem eru bandarískir ríkisborgarar í andstöðu við takmarkanir sem kveðið er á um í bandarískum lögum. Dreifing skýrslunnar í Bandaríkjunum kynni að teljast brot á þeim lögum.

Kanada

Upplýsingarnar í skýrslu þessari eru ekki ætlaðar til dreifingar eða útbreiðslu með neinum hætti í Kanada og því ber ekki að lita á þær sem fjármálaráðgjöf eða ráðleggingu um fjárfestingar í skilningi kanadískra verðbréfalaga.

Önnur lönd

Lög og reglugerðir í öðrum löndum kunna einnig að takmarka dreifingu skýrslu þessarar.

Frekari upplýsingar varðandi efni Greiningar Íslandsbanka má finna á vefsíðunni: islandsbanki.is

Umsjón

Samskipti og greining
greining@islandsbanki.is

Bergþóra Baldursdóttir 440 4637
Bjarnólfur Lárusson 440 4783
Elvar Orri Hreinsson 440 4747
Jón Bjarki Bentsson 440 4634
Óðinn Valdimarsson 440 4403

Frekari upplýsingar má finna á www.islandsbanki.is/ferdathjonusta
ferdathjonusta@islandsbanki.is

Útgáfudagur: 11. apríl 2018